

# Umhverfisstefna Ósa og dótturfélaga

## Tilgangur

Að tryggja að umhverfisstefna og árangursmat hennar sé hluti af stefnumótun Ósa og dótturfélaganna, Icepharma hf. og Parlogis ehf. (sameiginlega nefnd "samstæðan"). Stefnan er viðleitni til að stuðla að því hvernig Ósar og dótturfélögin, saman og hvert fyrir sig, geta lagt sitt lóð á vogaskálarnar til betra og heilbrigðara samfélags og umhverfis, samhliða heilbrigðum og arðbærum rekstri.

## Gildissvið

Stefnan nær til samstæðunnar og skal vera leiðbeinandi fyrir félögin sem mynda hana, stjórnendur og starfsfólk.

## Ábyrgð

Stjórn Ósa og dótturfélaga er meðvituð um samfélagslega ábyrgð samstæðunnar og auknar kröfur þegar kemur að umhverfismálum. Stjórnendum og starfsmönnum ber að láta sig málaflökkinn varða og vinna markvisst að framfylgd stefnunnar innan samstæðunnar.

## Stefnuyfirlýsing

- Við vitum að umhverfislegir þættir geta haft bein áhrif á heilsu fólks. Þess vegna skoðum við allar stoðir sjálfbærrar þróunar í samhengi þannig að leitast megi við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð og vellíðan án þess að skaða umhverfið.
- Við vinnum að því í sameiningu að kortleggja umhverfisáhrif starfseminnar, lágmarka þau og skapa þannig öruggan rekstur án neikvæðra áhrifa á umhverfið.
- Við leggjum áherslu á að lágmarka eftir bestu getu umhverfisáhrif í allri virðiskeðju samstæðunnar.
- Við vinnum stött og stöðugt að því að ná utan um kolefnisspor starfseminnar, lækka það sem mest og kolefnisjafna það sem eftir stendur.
- Hvert félag innan samstæðunnar setur sér árlega markmið í umhverfismálum.
- Við upplýsum starfsmenn samstæðunnar um mælingar, markmið og árangur í umhverfismálum og birtum opinberlega í samfélagsskýrslu samstæðunnar.
- Með reglulegri fræðslu um umhverfismál og vitundavakningu viljum við stuðla að aukinni þekkingu innan samstæðunnar þannig að starfsmenn hugi að umhverfispáttum í daglegum störfum sínum.